



Fréttabréf

Verkalýðsfélags Akraness

1. maí 2009

Netföng: skrifstofa@vifa.is og vifa@vifa.is • Heimasíða: www.vifa.is



„Það er nú eða aldrei“

Segir Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA,
um nauðsyn þess að koma heimilunum til bjargar

„Fyrir ári síðan fannst mér ég vera ómyrkur í máli þegar ég gagnrýndi úrræðaleysi stjórnvalda þegar ávinningur af nýgerðum kjarasamningum hvarf á tveimur mánuðum,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. „Allir vita hvað hefur gerst í kjölfar hruns bankanna og engum leynist að vandinn sem heimili landsins standa frammi fyrir er risavaxinn. Ef heimilum þessa lands, og þeim sem veikast standa, verður ekki komið til hjálpar með raunhæfum hætti, og það bæði hratt og vel, þarf ekki að spyrja að leikslokum – það er nú eða aldrei! Ný ríkisstjórn verður að taka á vandanum af fullum þunga og horfa til þeirra tillagna sem best munu nýtast heimilunum,“ segir Vilhjálmur.

Ályktun um vanda heimilanna

Að sögn Vilhjálms hefur ályktun sem Verkalýðsfélag Akraness samþykkti á aðalfundi sínum á dögunum vakið einstaklega jákvæða athygli. „Við skorum á stjórnvöld að grípa til tafarlausra aðgerða því vitað er að staðan á eftir að versna til muna nema strax sé gripið til aðgerða. Verðhruni er spáð á fasteignamarkaði og myntkórfulánin eru að sliga fjölmörg heimili. Þessi erlendu

myntkórfulán voru mjög algeng og gjarnan tryggð með sérstöku veði í heimilum lántakenda og ábyrgðarmanna. Þessir einstaklingar eru nú í bráðri hættu á að missa heimili sín vegna gríðarlegrar hækkunar þessara lána. Lítið sem ekkert hefur verið fjallað um vanda þessa fólks. Við þessu þarf að bregðast og því skorum við á stjórnvöld að grípa til róttækrar niðurfærslu og leiðréttingar á skuldum íslenskra heimila.“

Sterkt félag

Á nýafstöðnum aðalfundi VLFA kom fram að Verkalýðsfélag Akraness heldur sinni styrku stöðu og fjárhagur þess er góður þrátt fyrir bankahrunið. „Verkalýðsfélag Akraness hefur sýnt að það er reiðubúið að berjast með kjafti og klóm fyrir rétti verkafólks til mannsæmandi kjara. Við látum ekki kasta ryki í augu okkar eins og sást þegar HB Granda-málið kom upp eftir að við höfðum andmælt frestun umsaminna launahækkana. Við sýndum að hægt er að ná árangri þótt í fyrstu virðist sem við ofurefli sé að etja. Það eru skilaboð okkar til nýrra stjórnvalda,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA.

Verkalýðsfélag Akraness
sendir öllum félagsmönnum árnaðaróskir
á baráttudegi verkafólks.
Stöndum vörð um réttindi okkar!

www.vlfa.is



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 9:00 -16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmm Birgisson, í síma 865 1294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlfa.is

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is

Auður Finnbogadóttir
skrifstofufulltrúi
auður@vlfa.is



Nr. 9 | 5. árgangur | 1. maí 2009

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness
Sími: 430 9900 Fax: 430 9901
Netf.: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is
Heimasíða: www.vlfa.is
Áb.: Vilhjálmm Birgisson
Hönnun: Aðalsteinn S. Sigfússon
Umsjón texta: Kristján Kristjánsson
Umbrót: Uppheimar
Prentun: Prentmet Vesturlands

www.vlfa.is



Ávarp formanns

Kæru félagar.

Nú liggja kosningaúrslit fyrir og ljóst að ærin verkefni biða nýrrar stjórnar við að byggja efnahags- og atvinnulífið upp að nýju. Brýnasta verkefnið verður að reisa atvinnulífið við og koma skuldsettum heimilum þessa lands tafarlaust til hjálpar. Það er mat Verkalýðsfélags Akraness að einhvers konar niðurfærsla og leiðrétting á skuldum íslenskra heimila verði að koma til því það skelfilegasta sem getur gerst er að einstaklingar sjái sér ekki hag í að greiða áfram af skuldum sínum vegna þess að þeir skulda orðið miklu meira en andvirði eigna þeirra.

Margir þurfa hjálp

Það liggur fyrir að um 40.000 einstaklingar eru með neikvæða eiginfjárstöðu og æði margt sem bendir til þess að þeim muni fara ört fjölgandi á næstu misserum ef marka má spá Seðlabanka Íslands sem gerir ráð fyrir að fasteignaverð muni falla um allt að 50%. Það þarf einnig að koma þeim 50.000 einstaklingum sem eru með svokölluð myntkörfulán vegna bíla- og húsnæðisakaupa til hjálpar með afgerandi hætti. Þessi lán hafa mörg hver hækkað um 100% á undanförmum mánuðum og ljóst að fólk er að sligast undan þessum lánum.

Auknar aflaheimildir

Auka þarf aflaheimildir í þorski umtalsvert, bæði til að skapa auknar útflutningstekjur sem og fleiri störf og er það mat mitt að þorskstofninn geti klárlega staðið undir veiði allt að 200.000 tonn á ári. Það þarf að stöðva útflutning á óunnum gámafiski en í dag er verið að flytja um 60.000 tonn af óunnum fiski úr landi. Slík ákvörðun myndi klárlega leiða til fjölgunar starfa í fiskvinnslu. Ennfremur þarf að vinda ofan af því fiskveiðistjórnunarkerfi sem

nú er við lýði en það gengur ekki upp að útgerðarmenn geti tekið ákvörðun um að selja aflaheimildir burt úr byggðalaginu og skilja fólkið eftir atvinnulaust í átt-hagafjötrum.

Þjóðaratkvæði um aðildarumsókn

Brýnt er að finna raunhæfa lausn á peningamálastefnu þessa lands en flestum hagfræðingum ber saman um að íslenska krónan sé gengin sér til húðar með skelfilegum afleiðingum fyrir íslenska þjóð. Það er mat mitt að við eigum að sækja um inngöngu í ESB með stífum skilyrðum um að auðlindir þjóðarinnar, bæði til sjávar og sveita, verði tryggðar í slíkum aðildarviðræðum. Þegar að fyrir liggja kostir og gallar við inngöngu á að bera aðildarumsókn undir þjóðina því það er íslenska þjóðin sem á að taka ákvörðun um inngöngu í Evrópusambandið.

Verjum lægstu launin

Nú liggur fyrir að halli ríkissjóðs á þessu ári er í kringum 150 milljarðar og spár gera ráð fyrir gríðarlegum halla næstu tvö árin. Á þeirri forsendu liggur fyrir að komandi ríkisstjórn mun skera niður í ríkisútgjöldum. Þess vegna er það skýr krafa frá Verkalýðsfélagi Akraness að þegar kemur að niðurskurði í ríkisútgjöldum verði slegin skjaldborg um þá sem eru með lægstu tekjurnar. Það gengur ekki lengur að verslun og þjónusta hækki verð á sinni vöru um 35% á einu ári og opinberir aðilar um 5% - 15% en á sama tíma á íslensk alþýða þessa lands að taka á sig launaskerðingar í stórum stíl. Slíkt gengur einfaldlega ekki upp.

Vilhjálmur Birgisson

1. maí Akranesi!

Verkalýðsfélag Akraness, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, VR, FIT Félag iðn- og tæknigreina, Kennarasamband Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands standa fyrir dagskrá á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí

Safnast verður saman við Kirkjubraut 40, kl. 14:00
og genginn verður hringur á Neðri-Skaga
Að göngu lokinni verður hátíðardagskrá í sal Verkalýðsfélags Akraness
á 3ju hæð Kirkjubrautar 40

Ræðumaður dagsins:

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness

**Grundartangakórinn og Kvinnakórinn Ymur syngja nokkur lög
Kaffiveitingar**

Frítt í bíó fyrir börnin í Bíóhöllinni kl. 15:00

Félagsmenn fjölmennið!

1. maí-nefndin



186 / AKRANES

María gengur á Akrafjallið einu sinni í viku. Hún og 15 aðrir taka vel á móti þér á Suðurgötunni.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu að Suðurgötu 57 á Akranesi eða hringdu í okkur í síma 410 4000.



Landsbankinn

Myntkörfulán leggja marga að velli

Óhætt er að segja að vandi heimilanna sé ærinn þessi misserin sökum stórauðinnar greiðslubyrði. Ráðamönnum þjóðarinnar hefur verið tíðrætt um lán sem tengjast húsnæðis kaupum og þeim hækkunum sem þau lán hafa tekið sökum stórauðinnar verðbólgu á liðnum mánuðum. Annar stór hópur fólks er í miklum vanda staddur út af myntkörfulánunum í kjölfar falls krónunnar. Dæmi eru um að höfuðstóll slíkra lána hafi tvöfaldast á skömmum tíma og afborganir hækkað um tugi þúsunda á mánuði. Sem dæmi má nefna mál sem kom inn á borð Verkalýðsfélagsins um lán upp á 1,5 milljónir. Þetta lán stendur í 2,3 milljónum í dag og hefur

greiðslubyrðin aukist úr 26.000 kr. fyrir ári síðan, í 47.000 kr. í dag sem gerir 81% hækkun. Fjölmörg önnur dæmi hafa borist inn á borð skrifstofu félagsins og alveg ljóst að margir eru að kikna undan þessum lánunum og afar brýnt að fundin verði lausn á vanda þessa fólks.

Að leysa vandann

Í máli þeirra sem hafa leitað til félagsins kemur fram að þegar stofnað var til þessara skuldbindinga á sínum tíma gat fólk fyllilega staðið undir þeim. Myntkörfulánin voru sögð langhagkvæmasti kosturinn til bilakaupa en gengið gæti rokkað á bil-

inu 5-10 % til eða frá. Það er ljóst að þeir sem hafa lánað fólki til bilakaupa munu klárlega ganga að fasteignum þeirra sem ekki geta staðið í skilum með afborganir af bílalánunum sínum, einfaldlega vegna þess að veðhæfni bifreiðanna hefur ekki aukist í samræmi við hækkun lánanna sem hvíla á þeim. Þessi staðreynd gerir það að verkum að jafn brýnt er að taka á þessum vanda eins og lánunum sem lúta að íbúðarkaupum.

Hægt er að leysa þennan vanda með því að færa gengisvísitöluna niður eins og hún var í eðlilegu árferði, sem var í kringum 130 stig, og breyta síðan þeim lánunum á því gengi í verðtryggt íslenskt lán.

Tilraunaverkefni Starfsendurhæfingarsjóðs



Björg Bjarnadóttir, skrifstofufulltrúi Verkalýðsfélags Akraness.

Síðan í nóvember sl. hefur Starfsendurhæfingarsjóður staðið fyrir tilraunaverkefni í samstarfi við sjúkrasjóði stéttarféлага víða um land. Eitt þeirra félaga er Verkalýðsfélag Akraness þar sem starfsmaður félagsins, Björg Bjarnadóttir, er ráðgjafi Starfsendurhæfingarsjóðs. „Tilraunaverkefnið hefur gengið afskaplega vel og skilað góðum árangri,” segir Björg og bætir við að markmið sjóðsins sé að draga markvisst úr líkum á því að

launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.“

„Rauði þráðurinn að vera virk“

„Hlutverk ráðgjafans er að bjóða félagsmönnum upp á þjónustu ef starfshæfni þeirra er skert eða henni er ógnað vegna heilsuþrengingar. Veikindaréttur fólks er mis-

munandi langur en þegar fólk skráir sig sig inn hjá sjúkrasjóði þá býðst þeim að fá viðtal við ráðgjafann. Einnig er mikilvægt að vita af því að ef félagsmaður á orðið erfitt með að sinna starfi sínu vegna heilsuþrengingar, þá er nauðsynlegt að hann setji sig í samband við ráðgjafann til að kanna hvort hægt sé að fá aðstoð til að meta ástandið og auka starfsgetuna” segir Björg. „Rauði þráðurinn hjá okkur er að „vera virk“ og reyna að grípa inn í veikindaverkefni sem fyrst til að auka líkurnar á því að einstaklingurinn detti ekki út af vinnumarkaðnum vegna heilsuþrengingar.“

Nýtt fyrirkomulag

Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun, formlega stofnuð af aðilum vinnumarkaðarins í maí 2008. Sjóðurinn byggir á samkomulagi um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar í kjarasamningum á vinnumarkaði á árinu 2008. Samkvæmt ákvæði í kjarasamningum frá 17. febrúar 2008 hafa atvinnurekendur greitt 0,13% af heildarlaunum í sjóðinn frá 1. júní 2008. Ríkið kemur inn með 0,13% framlag á þessu ári og á næsta ári er stefnt að því að lífeyrissjóðir komi inn með sama framlag og launagreiðendur. Þannig verður heildarframlagið í sjóðinn 0,39% af heildarlaunum.

Heimasíða Starfsendurhæfingarsjóðsins er www.virk.is þar sem hægt er að nálgast frekari upplýsingar um starfsemi sjóðsins.

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness

Vaxandi félag með sterkan fjárhag



Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness var haldinn 21. apríl sl. og var mæting góð. Afkoma félagsins var með besta mótí á síðasta ári en rekstrarafgangur félagsins nam 121 milljón. Fjárhagur félagsins hefur tekið algerum stakkaskiptum frá því ný stjórn tók við en sem dæmi þá var félagssjóður félagsins rekinn á yfirdrætti og nam halli félagssjóðs tæpum 2 milljónum. Á árinu 2007 voru allir sjóðir félagsins reknir með afgangi.

Ekki ein einasta króna tapaðist

Fram kom í skýrslu stjórnar að félagið hafi ekki tapað einni einustu krónu vegna þeirra hamfara sem riðu yfir fjármála-kerfið í október. Allir fjármunir félagsins hafa ávallt verið ávaxtaðir með besta og

tryggasta hætti sem mögulegt er hverju sinni.

Formaður félagsins, Vilhjálmur Birgisson, fór yfir í skýrslu stjórnar hversu umfangsmiklum breytingum Verkalýðsfélag Akraness hefur tekið á undanförunum árum. Ekki aðeins hefur fjárhagur þess verið reistur úr rústum heldur hefur félagslegur styrkur vaxið jafnt og þétt. Félagsmönnum hefur fjölgað mjög ört, nú eru tæplega 3.000 félagsmenn í Verkalýðsfélagi Akraness en þeir voru rúmlega 1.600 þegar ný stjórn tók við árið 2003.

Nýjungar í þjónustu

Vegna góðrar afkomu félagsins undanfarin ár hafa stjórnir sjóða félagsins verið að auka réttindi félagsmanna jafnt og

þétt og sem dæmi þá hafa verið teknir inn nýir bótaflokkar hjá sjúkrasjóði félagsins og er þetta einungis gert vegna góðrar afkomu félagsins.

Tvær nýjungar í þjónustu félagsins voru kynntar á fundinum í gær. Stjórn orlofs-sjóðs hefur ákveðið að endurgreiða félagsmönnum 5.000 kr. á ári vegna gistingar á tjaldstæðum eða kaupa á svokölluðum útilegukortum. Framvísa þarf kvittun á skrifstofu. Einnig hefur stjórn sjúkrasjóðs ákveðið að endurgreiða vegna kaupa á gleraugum barna félagsmanna 50% af reikningi að hámarki kr. 10.000 á hverju 12 mánaða tímabili.

Ályktun um vanda heimilanna

Að sjálfsögðu var vandi heimilanna til umræðu á aðalfundinum og lagði formaður félagsins fram ályktun sem lýtur að greiðsluvanda heimilanna og var hún samþykkt með meginþorra atkvæða. Ályktunin er birt hér á öðrum stað í fréttabréfinu.

Það var afar ánægjulegt að heyra hversu ánægðir fundarmenn voru með starfsemi félagsins og gerir slíkt ekkert annað en að efla stjórnir og starfsmenn félagsins enn frekar til dáða.

Sendum félagsmönnum VLFA kveðju í tilefni af 1. maí

AKRANESKAUPSTAÐUR | Stillholti 16-18 | Sími 433 1000

EFLING - STÉTTARFÉLAG | Sætúni 1 | Sími 510 4500

FANG | Grundartanga | Sími 432 0341

VIGNIR G. JÓNSSON HF | Smiðjuvöllum 4 | Sími 431 5000

VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA AKRANESS | Stillholti 23 | Sími 431 3099

FORTUNA - VEISLUÞJÓNUSTA | Faxabraut 11 | Sími 431 3737

HARÐARBAKARÍ | Kirkjubraut 54 | Sími 431 2399

MOZART - HÁRSNYRTISTOFA | Skagabraut 31 | Sími 431 4520

SMURSTÖÐ AKRANESS | Smiðjuvöllum 2 | Sími 431 2445

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ | Dalbraut 6 | Sími 431 1500



www.vlfa.is

Bætt afkoma – aukin réttindi

Afkoma sjóða Verkalýðsfélags Akraness var mjög góð á síðasta ári. Skiludu allir sjóðirnir töluverðum rekstrarafgangi þrátt fyrir hremmingar í kjölfar hruns bankanna. Félagið tapaði ekki einni einustu krónu vegna hrunsins enda var félagið hvorki aðili að peningamarkaðssjóðum bankanna né þátttakandi í hlutabréfa-kaupum. Stefna stjórnar félagsins er að ávaxta fjármuni félagsins ávallt á sem bestan og tryggasta hátt á innlánsreikningum.

Styrkir úr sjúkrasjóði hafa verið auknir umtalsvert á liðnum árum og tók stjórn sjóðsins þá ákvörðun að taka inn einn nýjan styrk til viðbótar og var hann kynntur á aðalfundi félagsins þann 21. apríl sl. Stjórn orlofssjóðs ákvað einnig að bjóða félagsmönnum upp á nýjung nú í sumar en hægt verður að fá kostnað vegna gistingar á tjaldsvæðum endurgreiddan og nemur endurgreiðsla 5.000 kr. gegn framvísun fullgildra kvittana.



Ársfundur 2009

Ársfundur Festu lífeyrissjóðs verður haldinn þriðjudaginn 19. maí nk. Fundarstaður: Kirkjubraut 40, 3. hæð Akranesi. Fundarstörf hefjast kl. 18:00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Stjórn Festu lífeyrissjóðs

www.vlfa.is

Að hafa rétt fyrir sér

Mikla athygli vakti þegar áform um arðgreiðslur HB Granda til hluthafa voru kynntar skömmu eftir að meirihluti verkalýðshreyfingarinnar ákvað að að fresta endurskoðun og áður umsömdum launahækkunum sem áttu að koma til framkvæmda 1. mars. sl. Þá fór af stað atburðarás þar sem Verkalýðsfélag Akraness og formaður þess, ásamt öðrum landsbyggðarfélögum, spiluðu stórt hlutverk í að knýja fram mikilvægar leiðréttingar fyrir verkafólk.

Mörg fyrirtæki hafa nú ákveðið að standa við gerða samninga um launahækkunar og ættu að vera öðrum til eftirbreytni. Í þessu fréttabréfi er birt áskorun til fyrirtækja um að standa við umsamdar launahækkunar, fyrirtækja sem hafa burði til að standa við gerða samninga.

Um fjöllun sem skilaði árangri

„Á þessu sést að landsbyggðarfélögin höfðu klárlega rétt fyrir sér þegar þau bentu á það á sínum tíma að svo sannarlega væru til fyrirtæki sem gætu og vildu standa við gerða kjarasamninga. Á þeirri forsendu harmaði félagið þá ákvörðun samninganefndar ASÍ að hafa samþykkt að fresta þeim launahækkunum sem áttu að taka gildi 1. mars síðastliðinn. Niðurstaðan er að sú umfjöllun sem Verkalýðsfélag Akraness fór af stað með vegna arðgreiðslna HB Granda skilaði umtalsverðum árangri fyrir verkafólk víða um landið,“ segir Vilhjálmur Birgisson.

Áskorun til fyrirtækja

Eins og flestir vita þá gengu Samtök atvinnulífsins og samninganefnd Alþýðusambands Íslands frá frestun til 1. júlí nk. á endurskoðun kjarasamninga og þeim launahækkunum sem áttu að taka gildi 1. mars sl. Verkalýðsfélag Akraness vill hins vegar skora á öll fyrirtæki sem hafa fjárhagslega burði og treysta sér til að standa við þær launahækkunar sem áttu að taka gildi 1. mars sl. Hækkunar sem áttu að koma 1. mars sl. voru eftirfarandi:

**13.500 kr. hækkun handa þeim sem taka laun eftir launatöxtum.
3,5% hækkun handa þeim sem ekki taka laun eftir taxtakerfi.**

Nú þegar hafa fjölmörg fyrirtæki tilkynnt að þau ætli að standa við þær launahækkunar sem taka áttu gildi 1. mars sl. Þau fyrirtæki sem tilkynnt hafa opinberlega að þau ætli að láta áður umsamdar launahækkunar standa eru eftirfarandi:

**HB Grandi
Brim (Laugafiskur)
Vignir G. Jónsson Akranesi
Godthaab Vestmannaeyjum
Norðurströnd Dalvík
Einhamar-Seafood Grindavík
Frostfiskur Þorlákshöfn**

Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness

sendir félagsmönnum baráttukveðju í tilefni dagsins.
Stöndum vörð um réttindi verkafólks!

Jákvæð viðbrögð við ályktun aðalfundar

Ályktun sem aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness samþykkti á aðalfundi um vanda heimilanna hefur vakið einstaklega jákvæða athygli. M.a. hafa Hagsmunasamtök heimilanna sent frá sér fréttatilkynningu þar sem þau fagna því að aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness skuli fyrst verkalýðsfélaga taka undir sjónarmið samtakanna um nauðsyn þess að leiðrétta beri skuldir heimilanna. Enn fremur kalla Hagsmunasamtök heimilanna eftir frekari stuðningi annarra aðildarféлага ASÍ.

Forsvarsmenn samtakanna hafa jafnframt óskað eftir fundi með formanni Verkalýðsfélags Akraness og er fundurinn fyrirhugaður í næstu viku.

Ályktun aðalfundar VLFA hljóðar svo:

„Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness haldinn 21. apríl 2009 skorar á íslensk stjórnvöld að grípa til tafarlausra aðgerða

vegna gríðarlegs vanda heimilanna. Í dag eru um 40 þúsund einstaklingar með neikvæða eiginfjárstöðu sem nær til um þriðjungs allra heimila í landinu. Það er ljóst að neikvæð eiginfjárstaða heimilanna á einungis eftir að versna til muna því Seðlabankinn gerir ráð fyrir að fasteignaverð eigi eftir að falla um allt 50% að raungildi.

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness skorar á stjórnvöld að koma í veg fyrir að einstaklingar taki þá ákvörðun að hætta að greiða af sínum skuldum sökum þess að skuldir hafi vaxið langt umfram eignir vegna þeirra hamfara sem ríðið hafa yfir íslenskt efnahagslíf. Á þeirri forsendu skorar aðalfundurinn á stjórnvöld að grípa til róttækrar niðurfærslu og leiðréttingar á skuldum íslenskra heimila. Það er mat aðalfundarins að stór hætta sé á að einstaklingar sjái ekki hag í því að greiða sínar skuldir lengur með skelfilegum afleiðingum fyrir allt samfélagið. Einnig skorar aðalfundur Verkalýðsfélags Akra-

ness á stjórnvöld að þau finni tafarlaust lausn á vanda um 50 þúsund einstaklinga sem tekið hafa svokölluð myntkórfulán vegna bílakaupa. Fjöldmargar fjölskyldur endurnýjuðu bíla sína á undangengnum þensluárum, og oftast en ekki með lánsfé sem þá var auðfengið hjá bönkum og fjármögnunarfyrirtækjum.

Erlend myntkórfulán voru algengust og gjarnan tryggð með sérstöku veði í heimilum lántakenda og ábyrgðarmanna. Þessir einstaklingar eiga nú á hættu að missa heimili sín vegna gríðarlegrar hækkunar þessara lána. Lítið sem ekkert hefur verið fjallað um vanda þessa fólks.

Aðalfundurinn gerir sér fulla grein fyrir því að stjórnvöld munu grípa til niðurskurðar vegna þessa 150 milljarða króna fjárlagahalla sem nú blasir við. Aðalfundurinn skorar á stjórnvöld að slá skjaldborg um þá tekjulægstu þegar kemur að niðurskurði hjá hinu opinbera.“

Orlofshús sumarið 2009 20% aukning á umsóknum



Heitur pottur á palli í Húsafelli.

Það er æði margt sem bendir til þess að félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness ætli að ferðast meira innanlands í ár ef marka má þá miklu aukningu sem orðið hefur í umsóknum um sumar-dvöl í orlofshúsum félagsins. Aukningin nemur 20% frá því í fyrra. Frestur til að skila inn umsóknum rann út þann 14. apríl sl. og hafa félagar fengið bréf um úthlutunina. Eftir að allar umsóknir hafa verið skráðar inn í tölvukerfi orlofs-sjóðs raðar það öllum umsóknum eftir punktastöðu, þ.e. þeir

umsækjendur sem flesta hafa punktana eru fremstir í röðinni og svo koll af kalli. Ef punktar tveggja eru jafnir fær sá úthlutað sem fyrr sótti um. Kerfið vinnur sig síðan í gegnum umsóknirnar og úthlutar vikum eftir punktastöðu. Þeir sem ekki fá úthlutað í fyrri úthlutun lenda sjálfkrafa í endurúthlutun þar sem þeim vikum er úthlutað sem ekki voru greiddar á eindaga fyrri úthlutunar. Eftir eindaga endurúthlutunar verða lausar vikur auglýstar á heimasíðu félagsins og hægt verður að bóka þær á skrifstofu félagsins. Gildir þá hin ágæta regla: Fyrstur kemur, fyrstur fær. Í sumar verður sem fyrr boðið upp á dvöl í orlofshúsum félagsins í Húsafelli, Svinadal, Hraunborgum, Ölfusborgum og í þremur íbúðum á Akureyri. Að auki er félagið með í leigu bústað að Eiðum eins og undanfarin sumar. Nýir orlofshúsamöguleikar eru bústaður í Stóru-Skógum og bústaður í Flókalundi í Vatnsfirði. Nánari upplýsingar er að finna á vef félagsins, www.vlfa.is.

Helstu dagsetningar:

- 4. maí Eindagi fyrri úthlutunar. Þeim vikum sem ekki eru greiddar á eindaga er úthlutað aftur.
- 7. maí Endurúthlutun fer fram. Þeir sem fá úthlutað fá staðfestingu með bréfi.
- 18. maí Eindagi endurúthlutunar.
- 19. maí Fyrstur kemur, fyrstur fær! Lausum vikum er úthlutað til þeirra sem fyrstir koma.

Sendum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness baráttukveðjur 1. maí



þar sem tryggingar
snúast um fólk

